

REGLUGERÐ

um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1992.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1992 nema 935 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal galdið aldrei vera hærra en 280 000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40 15. maí 1990, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samstarfssjóðinn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samstarfssjóður. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Cobb Family Foundation, Inc., hlutafélag á Florida, sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Forstjóri þess er Charles E. Cobb, yngri, sendiherra.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði góðgerðarmála, vísinda, lista og mennta.

Samstarfssjóðurinn er sjóður, sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og skipulagður eingöngu með þau markmið í huga, sem getið er í þessari grein og má þeim ekki breyta. Sérstaklega skal sjóðurinn:

- Hafa eftirlit með skuldbindingu Reykjavíkurborgar að viðhalda og vernda listaverk Péturs Bjarnasonar „Samstarf“, sem Cobb Family Foundation færðu borginni að gjöf árið 1991.
- Hafa yfirumsjón með og láta í té fjármagn fyrir „Samstarfsverðlaunin“ (Partnership Award) sem Cobb hjónin stofnsettu 1991.